

**1. Mót á vegum JSÍ**

Sept./Okt	Haustmót
Janúar/Febrúar	Afmælistmót
Mars/Apríl	Vormót
Apríl/Maí	Íslandsmót
Nóvember	Sveitakeppni fullorðinna

2. Aldurs- og þyngdarflokkar: Aldursflokkar miðast við fæðingarár ekki fæðingardag.

10 ára og yngri	Börn / U13 11&12 ára		Táningar / U15 13&14 ára		Cadet / U18 15, 16 &17 ára		Juniorar / U21 15 til og með20 ára		Seniorar 15 ára og eldri	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Engin keppni	-30kg	-32kg		-32kg						
	-34kg	-36kg	-34kg	-36kg						
	-38kg	-40kg	-38kg	-40kg						
	-42kg	-44kg	-42kg	-44kg						
	-46kg	-48kg	-46kg	-48kg						
	-50kg	-52kg	-50kg	-52kg	-50kg	-40kg				
	-55kg	-57kg	-55kg	-57kg	-55kg	-44kg	-55kg	-44kg		
	-60kg	-63kg	-60kg	-63kg	-60kg	-48kg	-60kg	-48kg	-60kg	-48kg
	-66kg	-70kg	-66kg	-70kg	-66kg	-52kg	-66kg	-52kg	-66kg	-52kg
	-73kg	+70kg	-73kg	+70kg	-73kg	-57kg	-73kg	-57kg	-73kg	-57kg
	-81kg		-81kg		-81kg	-63kg	-81kg	-63kg	-81kg	-63kg
	-90kg		-90kg		-90kg	-70kg	-90kg	-70kg	-90kg	-70kg
	+90kg		+90kg		+90kg	+70kg	-100kg	-78kg	-100kg	-78kg
							+100kg	+78kg	+100kg	+78kg
									Opinn	Opinn

Sveitakeppni, fullskipuð sveit er fimm manns en lágmark fjórir í sveit.

10 ára og yngri	U13 og U15 11-14 ára		Cadet / U18 15, 16 &17 ára		Juniorar / U21 15 til og með20 ára		Seniorar 15 ára og eldri			
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK		
Engin keppni			-38kg	-40kg	-55kg	-44kg	-60kg	-48kg	-66kg	-52kg
á vegum JSÍ			-46kg	-48kg	-60kg	-48kg	-66kg	-52kg	-73kg	-57kg
			-50kg	-52kg	-66kg	-52kg	-73kg	-57kg	-81kg	-63kg
			-55kg	-57kg	-73kg	-57kg	-81kg	-63kg	-90kg	-70kg
			+55kg	+57kg	+73kg	+57kg	+81kg	+63kg	+90kg	+70kg

3. Þátttakendur

Íslenskir ríkisborgarar: Hafa keppnisrétt á öllum mótum.

Erlendir ríkisborgarar: Hafa keppnisrétt á öllum mótum nema á Íslandsmeistaramótum. Hafi þeir hins vegar haft búsetu á Íslandi sl. 12 mánuði fyrir viðkomandi Íslandsmeistaramót og skráðir í þjóðskrá þá mega þeir einnig keppa á því. Lágmarksgráða á Afmælistóti JSÍ (RIG) seniora er 2. kyu og á Íslandsmóti og sveitakeppni seniora 3.kyu en 5. kyu á öllum öðrum mótum og í öllum aldursflokkum. Skilyrði fyrir gjaldgengi þátttakanda í mótum á vegum JSÍ fyrir utan ofangreint er að hann æfi júdó hjá aðildarfélagi innan JSÍ og sé þar virkur félagi.



4. Meiðsli eða slys á mótum og tryggingar

Mótshaldari og eða JSÍ ber ekki ábyrgð á meiðslum eða slysum er verða í keppni. Keppendur eru sjálfir ábyrgir fyrir sínum eigin tryggingum.

5. Keppnisreglur

Reglur IJF (alþjóðlega júdósambandsins) gilda að undanskildum eftirfarandi ákvæðum:

- 1.) Aldursflokkar 14 ára og yngri: Koshi- Guruma er bannað sem og shime-wasa (hengingar) og kansetsu-wasa (lásar).
- 2.) Aldursflokkur U18 (15-17 ára) Kansetsu-wasa er leyft þar til: Mate, uppgjöf með því að keppandi klappar tvisvar eða keppandi er ókeppnisfær vegna lássins. Shime-wasa er leyft en keppandi sem missir meðvitund af þeim sökum má ekki keppa aftur og hefur lokið keppni.
- 3.) Sé keppendur jafnir við lok glímu skal glíman framlengd og gullskor ráða úrslitum og það tæknistig skráð sem skorað er þá.
- 4.) Keppendur sem gefa andstæðingum Fusen-gachi geta ekki keppt aftur.
- 5.) Keppendur sem gefa andstæðingum Kiken-gachi geta keppt aftur.
- 6.) Skrá skal 10 tæknistig fyrir Fusen-gachi og Kiken gachi

6. Keppniskerfi

Keppandi má ekki keppa flokk upp fyrir sig, hann verður að keppa í þeim flokki sem hann vigtast í en undantekningu má gera ef aðeins einn keppandi mætir til leiks þá má færa hann upp í næsta þyngdarflokk þar sem fyrir eru keppendur. Í sveitakeppni má keppa einn flokk upp fyrir sig, sjá gr. 10. Ef tveir keppendur eru skráðir til leiks í sama þyngdarflokki á punktamóti JSÍ (15 ára og eldri) þá verður keppt í þeim flokki en á öðrum mótum er það mótsstjóra að ákveða hvort flokkar verði sameinaðir. Ef keppendur eru aðeins tveir þá keppa þeir minnst tvisvar saman og í þriðja skiptið ef þeir hafa unnið sitthvora glímuna og á þetta við um alla aldursflokka. Keppendur verða ekki skráðir sigurvegarar í flokki þar sem aðeins einn keppandi er skráður til leiks. Eingöngu er keppt í opnum flokkum á Íslandsmóti seniora. Í einstaklingskeppni í aldursflokkum U13 og U15 mega stúlkur keppa með drengjum og öfugt ef vantar mótherja í þeirra þyngdarflokk. Í undantekningartilfellum má keppandi í aldursflokkum U13/U15 keppa einum aldursflokki fyrir ofan sig þ.e. eldri aldursflokki ef ekki er keppni fyrir hann í hans aldursflokki en einungis með leyfi og á ábyrgð þjálfara hans.

Einstaklingskeppni:

- | | |
|-----------------------|---|
| 2 keppendur | Betri af tveimur, ef jafnt 1-1 þá ein aukaviðureign sem ræður úrslitum. |
| 3-5 keppendur | Einn riðill = 3,6 eða 10 viðureignir |
| 6-7 keppendur | Tveir riðlar = 9-12 viðureignir |
| 8 keppendur og fleiri | Útsláttur/tvöföld uppreisn = 11 viðureignir + |

Sveitakeppni:

- | | |
|---------------------|---|
| 2-5 sveitir | Einn riðill = 5-50 viðureignir |
| 6-7 sveitir | Tveir riðlar = 45- 60 viðureignir |
| 8 sveitir og fleiri | Útsláttur/tvöföld uppreisn = 55 viðureignir + |

7. Dráttur og forröðun

Dráttur fer að öllu jöfnu fram að lokinni vigtun. Eftir að dregið hefur verið er ekki leyft að skipta um þyngdarflokk né bæta við þátttakendum.

Á þeim mótum sem gefa punkta þ.e. ÍM, AM, HM og VM skal keppendum forraðað samkvæmt stöðu á B-röðunar lista þannig að tveir efstu verða aðskildir. Sama gildir um keppendur frá sama félagi og á öllum mótum þeir skulu aðskildir eins og hægt er. Á Íslandsmeistaramóti í sveitakeppni skulu sveitir sem kepptu til úrslita árið áður vera forraðað.

8. Aldursflokkar/Keppnistími

Seniorar/Karlar	15 ára og eldri	4 mín.	Cadet/U18	15-17 ára	3 mín.
Seniorar/Konur	15 ára og eldri	4 mín.	Táningar/U15	13-14 ára	2 mín.
Juniorar/U21	15-20 ára	4 mín.	Börn/U13	11-12 ára	2 mín.

Gullskor, engin tímamörk og viðureign lýkur við fyrsta skor eða refsistig eins og alþjóðlegar reglur segja til um. Í tímaþröng hefur mótstjóri heimild til að stytta keppnistímamann en á ÍM þarf þó meirihluta samþykki fulltrúa keppenda, þ.e. júdoklúbba til þess.

9. Móts og þátttökutilkynning

Mótstilkynning skal send út með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Þátttökutilkynning skal berast mótshaldara fyrir lok skráningarfrests, engar skráningar eftir það.

10. Mótareglur varðandi sveitakeppni

Hlutgengi:

- 1.) Þyngd þátttakanda verður að vera innan skráðs þyngdarflokks en heimilt er keppanda að keppa einn þyngdarflokk upp fyrir sig en aðeins ef hann hefur verið skráður í þann flokk. Ekki má skrá sama manninn í fleiri en einn þyngdarflokk.
- 2.) Ef einstaklingskeppni er haldin tveimur dögum eða skemur fyrir sveitakeppni þá mega þeir keppendur sem þar kepptu (ekki aðrir) vera 2 kg þyngri en þyngdarflokkur þeirra segir til um við vigtun í sveitakeppninni.
- 3.) Ekki er hægt að skipta um þyngdarflokk eftir að skráningarfresti líkur.
- 4.) Hvert lið má skrá tvo keppendur í hvern þyngdarflokk og geta þeir skipts á að keppa út allt mótið.
- 5.) Hvert félag má senda mest tvö karla og tvö kvennalið til keppni í hverjum aldursflokki.
- 6.) Aðeins er keppt í sveitakeppni ef tryggt er að viðureignir milli liða verði ekki færri en þrjár. Hver sveit verður því að vera skipuð minnst fjórum keppendum.
- 7.) Ekki má blanda saman kynjum í sveitakeppni (allir aldursflokkar) þ.e. konur geta ekki keppt í karlasveitum og öfugt.
- 8.) Allir keppendur í sveit sem koma inná dýnuna í keppni verða að keppa annars tapar liðið 5-0

Úrslit í sveitakeppni ákvarðast með eftirfarandi hætti:

- 1.) Fjöldi vinninga sveitar (VS)
- 2.) Ef VS er jafnt þá ræður næst fjöldi vinninga einstaklinga (VE)
- 3.) Ef fjöldi VS og VE er jafn þá ráða tæknistig (TS) úrslitum (Ippon:10,Waza-ari:7,Shido:1)
- 4.) Ef VS, VE og TS er jafnt þá ræður sigur í innbyrðis viðureignum úrslitum.

Í þeim tilfellum þegar viðureign **einstaklinga** endar og stigin eru jöfn þá skal haldið áfram og úrslit fengin fram með gullskors fyrirkomulagi. Í þeim tilfellum þar sem vinningar og tæknistig **liðs** eru jöfn þá skal dregið af handahófi um einn flokk sem keppir til úrslita með gullskors fyrirkomulagi.

Ef upp kemur staða í **riðlakeppni** að t.d. þrjú lið eru jöfn að vinningum og tæknistigum þá verður notað **útsláttafyrirkomulag** til að ákvarða sigurvegara og einn þyngdarflokkur dregin af handahófi af þeim sem jafnir voru. Þeir aðilar keppa með gullskors fyrirkomulagi þannig að A keppir við B og sigurvegarinn keppir við C. Ef A sigrar B og C sigrar A þá verður er C í fyrsta sæti A í öðru og B í þriðja sæti.

11. Úrslit í riðlum, einstaklingskeppni

Úrslit ákvarðast með eftirfarandi hætti:

- 1.) Fjöldi vinninga.
- 2.) Ef fjöldi vinninga er jafn þá ráða tæknistig úrslitum (Ippon:10, Waza-ari:7, Shido:1).
- 3.) Ef fjöldi vinninga og tæknistiga er jafn þá ræður sigur í innbyrðis viðureignum úrslitum.
- 4.) Ef allt ofangreint er jafnt þá ræður þyngd keppenda röð þeirra þannig að sá léttasti er fyrstur, næstléttasti er annar og koll af kalli. Miðað skal við þyngd keppenda við vigtun en ef vigtunarlisti er ekki fyrir hendi þá skulu keppendur sem jafnir voru vigtaðir á staðnum strax að lokinni keppni. Ef þyngd t.d. þriggja keppenda er sú sama þá verður notast við **útsláttarfyrikomulag** (dregið af handahófi) þar sem fyrst keppa tveir þeirra saman og sigurvegarinn úr þeirri viðureign keppir við þann þriðja til úrslita.

12. Vigtun.

Vigtun skal vera kvöldið fyrir keppni á bilinu 18-20 og standa í lágmark í 30 mín. og er leyfilegt að stíga á vigtina eins oft og hver vill á þeim tíma. Við vigtun skulu karlar vera í nærbuxum og konur í nærbuxum og stuttermabol. Í fullorðins flokkum þ.e. 15 ára og eldri, má keppandi vera mest 100 gr. þyngri en þyngdarflokkur hans segir til um og í aldursflokkum U13 og U15 má keppandi vera mest 1. kg þyngri.

Tímasetning vigtunar skal koma fram á mótatilkynningu.

13. Keppnisgjald

Keppnisgjald er ákvörðun stjórnar JSÍ hverju sinni og skal það koma fram á mótstilkynningu.

Þegar skráningarfresti lýkur þarf að greiða keppnisgjald fyrir alla skráða keppendur og skiptir engu hvort þeir forfallist síðar og mæti ekki til keppni.

Ákveði þátttakandi að keppa í fleiri en einum aldursflokkum þarf hann að greiða keppnisgjald fyrir hvern þeirra og það sama á við um þátttöku í opnum flokki.

Ekki er hægt að gera breytingu á skráningu eftir að skráningafresti lýkur nema gegn greiðslu nýs keppnisgjalds og það sama á við hjá keppendum **15 ára og eldri** ef þeir standast ekki vigt og vilja færa sig upp um flokk þá er það leyft gegn greiðslu á nýju keppnisgjaldi.

Félag viðkomandi keppanda skal sjá um að greiða keppnisgjöld til JSÍ.

14. Punktakerfi (Eingöngu 15 ára og eldri)

Fyrir utan EJU/IJF móti þarf tvo vinninga til að vinna sér inn punkta á þeim mótum erlendis sem telja að mati JSÍ en innanlands þarf minnst einn vinning. Í keppni innanlands ef keppendur eru aðeins tveir í flokknum þá eru líka gefnir punktar fyrir annað sætið án vinnings. Ef aðeins einn keppandi stendur eftir í flokki þegar vigtun er lokið (aðrir mættu ekki/stóðust ekki vigt) má hann keppa í næsta þyngdarflokkum ofar þar sem fyrir eru keppendur en fær enga punkta þar en fær þá hins vegar punkta skráða á sig fyrir 1. sætið í flokknum sem hann vigtaði sig í en aðrir í sameinuðum flokki fá punkta í samræmi við árangur og punktakerfi. Ef ekki býðst að keppa einum þyngdarflokkum ofar þarf keppandinn ekki að keppa og fær punkta skráða á sig fyrir 1. sætið í sínum þyngdarflokkum. Ef í sameinuðum flokki eru aðeins tveir keppendur úr sitthvorum þyngdarflokkum þá keppa þeir og fá þá báðir punkta fyrir 1. sætið í þeim flokki sem þeir vigtuðust í. Fjórir bestu árangrar erlendis verða lagðir saman og þrír bestu innanlands. Punktar fást ekki fyrir keppni í opnum flokkum. Fyrir 1. sæti á AM/Sen. og ÍM fást 30 punktar, 2. sæti 20 punktar og 3. sæti 10 punktar. Á Vormóti, Haustmóti og AM U18/21 eru punktarnir 20, 10 og 5. Punktar sem gefnir eru í A röðun fylgja punktakerfi EJU/IJF hverju sinni.

15. Þjálfarar/aðstoðarmenn.

Sæti fyrir þjálfara/aðstoðarmann keppanda skal vera staðsett við keppnisvöll ef aðstæður (húsrúm) leyfa. Honum er ekki heimilt að leiðbeina keppanda sínum þaðan meðan á keppni stendur nema á milli Matte og Hajime en aðeins þá má hann kalla til keppandans. Ef hann brýtur þá reglu getur dómari vísað honum úr sætinu.

16. Júdóbúningar

Á Íslands- og Afmælistóti í seniora flokkum verða keppendur að hafa bæði hvíta og bláa júdóbúninga og með "backnumber" saumað aftan á þá. Á öðrum mótum í öllum aldursflokkum verða keppendur að hafa hvítan búning en mega einnig nota bláan samhliða en ekki eingöngu bláan. Ekki er leyfilegt að keppa í mislitum júdóbúningi þ.e. buxur hvítar en efri galli blár eða öfugt. Buxur og efri galli skulu alltaf vera í sama lit.

17. Óviðunandi framkoma

Öll framkoma, hvort sem eiga í hlut, áhorfendur, starfsmenn, keppendur eða þjálfarar, sem truflar mót er bönnuð. Dómari skal veita þeim sem ekki fylgja þessu ákvæði áminningu og skal hún skráð af mótisstjóra. Verði áminning ekki virt skal viðkomandi aðili yfirgefa mótssvæðið og ef að hann er þátttakandi í keppninni er hann búinn að fyrirgera rétti sínum til áframhaldandi keppni.

18. Breytingar og uppfærsla mótareglna

Stjórn JSÍ hefur heimild til að uppfæra og breyta mótareglunum til samræmis við alþjóðareglur eða samkvæmt tillögum Tækniráðs ef þörf er á og verða breytingar strax tilkynntar aðildarfélögum JSÍ.